


Í hringiðu helgarinnar



Hans Kristján Árnason og Gunnar Dal árita hér nýttkomna bók sína „Að elska er að lifa“, þar sem þeir ræða m.a. um hamingjuna, fólki, fæðingu og dauða, heimspeki ástina o.fl. Í bókinni bregður Gunnar Dal upp heimsmynd sinni og heimspeki á afar skýran og skemmtilegan hátt. Á myndinni árita höfundarnir eintak til Jón Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra.



Það var fjör í Sundhöll Reykjavíkur á sunnudaginn þegar Sportkafarafélag Íslands bauð almenningi að prófa köfun. Fólki gafst kostur á að kafa í 20 mínútur og eins og sést á meðfylgjandi mynd var ýmislegt að finna á botni sundlaugarinnar, svo sem eyrnalokka og keðjur sem kafararnir færðu upp á yfirborðið.



Íslandsmeistarakeppnin í jó-jó var haldin í Kringlunni á laugardag og vakti hún mikla athygli hjá gestum Kringlunnar. Alls voru keppendur um 80 talsins á öllum aldri. Sl. tvo mánuði hefur jó-jó meistarinn Ivan Hagen ferðast um landið og kynnt íþróttina fyrir landsmönnum við frábærar undirtektir. Eins og sjá má á myndinni fylgdust áhorfendur með keppninni á laugardaginn af mikilli athygli.

Menning

Verk Ásgerðar Búadóttur í Listasafni Íslands


Vefur og hár

Í Listasafni Íslands hefur verið sett upp allstór sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur, þess listamanns sem átt hefur mestan þátt í því að hefja textillist til virðingar hér á landi. Í tengslum við sýninguna hefur svo verið gefin út litprentuð sýningarskrá – eins og sem betur fer er núorðið oftast gert í tengslum við umfangsmeiri boðssýningar helstu safna – með innangi eftir Beru Nordal og textum eftir Aðalstein Ingólfsson, Elínu Pálmadóttur og Ingu Huld Hákonardóttur. Ásgerður nam reyndar olíumálverk við listaháskólann í Kaupmannahöfn (Akademiet), eins og svo margir aðrir íslenskir listamenn, en hún áttaði sig

Myndlist

Jón Proppé

fljótlega á því að olían hentaði henni ekki og þegar hún sneri aftur heim árið 1949 flutti hún með sér lítinn vefstól. Veflistin er sér á báti meðal listgreinanna því hún er að ýmsu leyti enn tengdari nytjalist en hinni hreinu list sem olíumálverkið hefur einna helst haldið uppi hér á landi. Sá sem vefur hlýtur alltaf að hafa þessi tengsl í huga – þegar hann situr við vefstólinn hlýtur hann að finna til samkenndar með þeim sem öfu band í klæði áður en nokkrum datt í hug að kalla það list – og þannig er því líkast til einnig farið um flesta áhorfendur. En verk Ásgerðar bera samt stíllega yfirbragð þeirra liststrauma sem sterkastir voru þegar hún fór að vefa og sambandið við fortíðina sést einkum í meðferð lita og efnis – Ásgerður notar ull og hrosshár og litirnir í verkum hennar eru yfirleitt náttúrulegir. Það eru þessi síðastnefndu atriði sem líkast til hafa haft mest áhrif á yngri listamenn þótt stíllinn í mynd-



Eitt verka Ásgerðar á Listasafni Íslands.

unum tali ekki lengur eins til okkar og hann gerði áður. Þótt veflistin geti tekið á sig stílmyndir hvers tíma jafn auðveldlega og hver önnur listgrein, þá er það efnio sjálft sem varðar mestu. Að þessu leyti er textillistin frábrugðin málverkinu: málverkið er lítið annað en stillinn sem það færir fram en í textilverkinu er stíllinn yfirleitt eins konar aukaatriði.

Nord Frost
FRÁ GISLAVED

Besta vetrardekkið!*



Sænsk gæðadekk
A ÖTRULEGA GÓÐU VERÐI!

*Niðurstaða úr yfirgripsmestu prófun á vetrardekkjum sem gerð hefur verið (NIVIS WINTERTEST 92, Finnland).

DEKKJAHÚSIÐ

SKEIFUNNI 11 • SÍMI 688033

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

JR bílasala, Bíldshöfða 3, sími 670333

Opíð mánudaga til fimmtudaga kl. 9.00–18.30, föstudaga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00



MMC Pajero langur '87, hvítur, ek. 115 þ., 5 g., 33" d., brettakant-ar, toppluga.
V. 1.000.000 kr., skipti á ód.



Bronco II XLT '88, rauður/grár, ek. 95 þ., upph., 31" d., lækk. drifhl., læst dr. V. 1.200 þ., sk. á ód. Og Bronco II XLT '84, upph., 31" d. V. 650 þ., sk. á dýrari.



Fiat Uno Arctic '93, hvítur, ek. 13 þ., 5 g.
V. 680.000 kr.



Dodge Shadow turbo '88, rauður, ek. 85 þ., 4 dyra, ssk., álfelgur.
V. 740.000 kr.



Suzuki Fox 413 langur '86, sv./hv., ek. 90 þ., upph., 32" d., læst-ur aftan, lækkuð dr., brettak.
V. 620.000 kr.

Vantar allar gerðir bifreiða á skrá og á staðinn.